

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 24. janúar 2020

Mál nr. S-551/2018:

Ákærvaldið

(Súsanna B. Fróðadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Snorri Snorrason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 29. nóvember 2019, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni 5. nóvember 2018, á hendur X, kt. 000000-0000, [...], „fyrir hótanir og brot á barnaverndarlögum, með því að hafa, á tímabilinu 13. ágúst 2015 til 18. mars 2016, ítrekað sent B, kt. 000000-0000, skilaboð úr síma sínum og samskiptaforritum og stofnað bloggsíðu með hlekknum [...]-en í skilaboðunum hótaði hann að birta af henni nektarmyndir og að bera út sögur um hana, en myndirnar hafði ákærði í vörslum sínum og með háttsemi sinni valdið B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og sýnt henni yfirgang, ruddalegt og ósiðlegt athæfi, sært hana og móðgað en hún var á umræddum tíma [...] ára gömul. Skilaboðin sem ákærði sendi B voru eftirfarandi og send á neðangreindum dögum og tíma:

1. Þann 05.09.2015, kl. 09:30 í smáskilaboðum. „Þu hefur líklega ekki séð myndirnar sem eru komnar á netið ?“.

2. Þann 21.09.2015, kl. 13:27 í smáskilaboðum. „En myndirnar eru komnar inná [...] svo njóttu þeirra og gerðu það sem þig langar mer er alveg sama“.

3. Þann 21.09.2015, kl. 14:27 í smáskilaboðum. „Ef þu ætlar ekkert að tala við mig þá held eg bara afram að segja honum sogur um þig og [...] og held bara afram“.

4. Þann 21.09.2015, kl. 22:13 í smáskilaboðum. „Það er gott að þu hatir mig þá fæ eg ekkert samviskubit þegar myndirnar enda a netinu“.

5. Þann 21.09.2015, kl. 22:13 í mms skilaboðum. ljósmynd af tölvuskjá sem sýndi skráarskiptasíðuna [...], en myndin virtist sýna skrá sem bar nafnið [...] og lýst sem [...] og er í flokknum [...]. Á myndinni má sjá að skráin var sett inn á vefsíðuna þann [...].

6. Þann 23.09.2015, kl. 09:08 í smáskilaboðum. „Kannski þu viljir að eg segi G, H og öðrum sögurnar um ykkur [...] og fleyri svona víst þu hefur engan áhuga á að minnsta kosti sættast þótt við verðum ekki vinir“.

7. Þann 23.09.2015, kl. 11:07 í smáskilaboðum. „Svo þer er líka dröll þótt myndirnar af okkur fari á flakk og blaðri um allt sem þu sagðir mér“.

8. Þann 27.09.2015, kl. 20:59 í smáskilaboðum. „Hvað á ég að gera við allar þessar dirty myndir frá þér?“.

9. Þann 01.01.2016, kl. 10:08 í skilaboðum á Whatsapp. „Allt a netip fra þe4“.

10. Þann 01.01.2016, kl. 10:11 í skilaboðum á Whatsapp. „Myndirna fra þer eru komanar a netip vertu blessup“.

11. Þann 01.01.2016, kl. 10:17 í skilaboðum á Whatsapp. „En eryl þu gast tryst mer aður en nuna eru myndirnsr komanar a deildu“.

12. Þann 12.01.2016, kl. 20:14 í smáskilaboðum. „[...] er komin með allar myndirnar svo vertu blessuð, helt við gætum unnið ur þessu saman en greinilega ekki vertu sæl!!!!“.

13. Þann 13.01.2016 kl. 01:08 í smáskilaboðum. „Hahaha átti ekki von á að [...] myndi setja þetta á netið en sótt 1863 sinnum þú heppinn“.

14. Þann 13.01.2016 kl. 08:30 í smáskilaboðum. „Veist ekki hvað mig langar að gefa þér milljon ástæður til að treysta mer ekki en þá mun eg bara skjota þvi á þig fyrir framan alla [...] og fullt fleyra ;-)“.

15. 14.01.2016, kl. 23:22 í smáskilaboðum. „Oky ef þér er alveg sama þá tala rg bara um [...] og allt þetta i kringum H G og [...] og svona þegar þú ert [...]“.

16. Þann 18.01.2016, kl. 20:22 í smáskilaboðum. „Þú veist samt ekki hvað mig hlakkar til að segja sögur um þig [...] :-)“.

17. Þann 19.01.2016, kl. 18:51 í skilaboðum á Whatsapp. „æjæj nei færð ekki neitt og núna fer allt a netið til hamingju gott move hjá þer“.

18. Þann 27.01.2016, kl. 00:00 í skilaboðum á Whatsapp. „Versta falli missiru mig og ég fer að segja sögur um þig þegar þú [...]“.

19. Þann 27.01.2016, kl. 00:14 í skilaboðum á Whatsapp. „En allavega ef þú ákveður að vera ekki tilbúin að reyna með okkur þá er þetta alveg búið hja okkur alveg og já þú verður afram á slæmu hliðinni minni og já ég á eftir að vera ömurlegur þig og eftir að særa þig og líklega helling sem eg hef ekki akveðið ennþá“.

20. Þann 27.01.2016, kl. 00:16 í skilaboðum á Whatsapp. „og já ég á allar myndirnar ennþá svona ef þú ert að þæla í því“.

21. Þann 27.01.2016, kl. 13:09 í skilaboðum á Whatsapp. „Myndirnar geymi eg til betri tíma þegar þu ert kominn í samband með honum eða ehv“.

22. Þann 27.01.2016, kl. 13:05 í skilaboðum á whatsapp. „Ef við sættums t ekki þá mun eg segja sögur [...] Nógu skýrt“.

23. Þann 28.01.2016, kl. 18:01 í skilaboðum á whatsapp. „En ég held bara áfram að skrifa inná [...] sjáum svo bara eftir þessa 6 mánuði hvað verður hvort allt verði opnað eða eytt :-).“

24. Þann 29.01.2016, kl.15:42 í skilaboðum á Whatsapp. „Er bara segja þer hvort viltu frekar vera aftur goðir vinir og gleyma þessu eða halda þessu lifandi“.

25. Þann 29.01.2016, kl. 15:50 í skilaboðum á Whatsapp. „Eg veit bara að eg a alltaf eftir að kasta þessu framaní þig ef eg fæ ekki tækifæri hjá þer aftur :-“.

26. Þann 28.02.2016, kl. 12:52 í smáskilaboðum. „Erum við þá aftur komin í þetta vera leiðinleg við hvort annað? Og èg að segja sögur [...]“.

27. Þann 28.02.2016, kl. 13:04 í smáskilaboðum. „Oky ég kem sögunum þá bara líka [...]“.

28. Þann 28.02.2016, kl. 13:14 í smáskilaboðum. „Sry sögurnar ur [...] er kominn [...]“.

29. Þann 28.02.2016, kl. 13:25 í smáskilaboðum. „Ef þú vilt að ég þegi með þetta allt þá talaru við mig og verður hreinskilinn hvað er i gangi“.

30. Þann 28.02.2016, kl. 13:46 í smáskilaboðum. „Ef þú vilt ekki tala þá held ég bara áfram að tala um þig við strákana [...]“.

31. Þann 28.02.2016, kl. 20:03 í smáskilaboðum. „Þú ert greinilega komin með nýjan, hann verður vonandi ánægður að sjá myndir af þér á netinu“.

32. Þann 28.02.2016, kl. 20:23 í smáskilaboðum. „Eru þetta vídeó af þér inna [...]?“.

33. Þann 28.02.2016, kl. 23:12 í smáskilaboðum. „Veit þér liður illa að hafa áhyggjur af því hvort eg segi öllum [...] frá öllu en afhverju viltu hafa þessar áhyggjur?“.

34. Þann 01.03.2016, kl. 12:27 í smáskilaboðum. „Já og allar myndir af þér eru komnar inná bloggið líka þær sem sem eg sagðist hafa eytt sry“.

35. Þann 01.03.2016, kl. 16:24 í smáskilaboðum. „Mæli með að þú farir [...] og finnr myndirnar af þér sem eg setti útum allt hahaha þú vilt hafa þetta svona þá verður þetta bara svona“.

36. Þann 02.03.2016, kl. 16:57 í smáskilaboðum. „Haha núna skil ég afhverju þú hafðir áhyggjur að eg væri að tala við [...] um daginn ert farinn að hitta hann aftur ætli hann verði jafn ánægður með myndirnar og [...] tjekka á því.“

37. Þann 18.03.2016, kl. 19:51 í gegnum Facebook messenger. „Helduru að [...] verði sattur að sjá nektar myndirnar sem þu sendir mér i síðustu viku? Hann fekk bara eina saklausa síðast

Kannski buin að segja honum hvernig myndir þú sendir mér ;)

Ætla einmitt að fara syna [...] þær og tala við hann vístu blandaðir honum inni þetta allt“.

38. Þann 18.03.2016, kl. 19:57 í gegnum Facebook messenger. „Tak fyrir að senda mer þesa i suðustu viku alltaf jafn flott;) ;)

Oký ætla hætta reyna tala við þig og sættast smá eg eg tala þá bara við aðra um þig og syni þessar myndir sem þu sendir mér i síðustu viku

Er buin að bjóðast til að eyða öllu um þig vara fyrir eitt spjall og þú hefur ekki áhuga þá er það bara þannig vertu sæl og njottu þess að hata mig fyrir að hafa talað við [...]

Og þu vildir vita hvort eg hefði sagt [...] þetta allt utaf [...] þá nei og hata þig sma fyrir það en ég á eftir að fyrirgefa þér

Ætla vona þu nair að mota þetta spjall til að plata [...] að þu talir ekki við mig ;) heyri svo í þér þegar þu ert ready;)“.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við ákvæði 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

B, kt. 000000-0000, krefst skaða- og miskabóta úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð kr. 1.450.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. mars 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa lögmanns að viðbættum virðisaukaskatti.“

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara að sér verði ekki gerð refsing og til þrautavara að sér verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfi og hún verði bundin skilorði. Ákærði krefst þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af henni og til þrautavara að hún verði lækkuð. Í öllum tilvikum krefst ákærði þess að verjanda verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun sem greidd verði úr ríkissjóði.

Ákærði krafðist einnig frávísunar málsins en þeirri kröfu var hafnað 24. 4. 2019.

Málavextir

Samkvæmt dagbók lögreglu kom B, hér eftir nefnd brotaþoli, til lögreglu 18. 3. 2016 „og tilkynnti að fyrrverandi kærasti hennar, X [ákærði í máli þessu] væri að hóta henni að setja nektarmyndir inn á netið.“ Einnig væri hann búinn að kúga brotaþola með því að „hóta að fremja sjálfsvíg“. Er haft eftir brotaþola að hún sé „gjörsamlega búin að vera“ og „á barmi taugaáfalls“. Hafi hún verið í sambandi með ákærða í um [...] mánuði og hafi sambandinu lokið í [...] 2015. Frá þeim tíma hafi ákærði ítrekað reynt að kúga hana. Meðal annars hafi ákærði „búið til bloggsíðu þar sem hann fjallar um [brotaþola] í hennar óþökk“.

Í dagbókinni segir að ákærði hafi verið handtekinn síðar sama dag. Við handtöku ákærða mun hafa verið lagt hald hald á farsíma hans en hann neitað að upplýsa lögreglu um aðgangsorð hans. Lögregla mun allt að einu hafa náð að komast fram hjá læsingum símans og hlaðið niður og rannsakað efnisinnihald hans. Aflaði lögregla ekki dómsúrskurðar til að fá heimild til slíkra aðgerða. Hinn 21. 3. 2016 beindi ákærði þeirri kröfu til héraðsdóms að lögreglu yrði gert að aflétta haldlagningu sinni á umræddum síma. Með úrskurði 12. 4. 2016 var kröfunni hafnað. Með dómi í máli nr. 297/2016 staðfesti Hæstiréttur Íslands úrskurðinn. Í dóminum segir meðal annars: „Í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008 segir að leggja skuli hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Fallist er á með héraðsdómi að uppfyllt hafi verið skilyrði ákvæðisins til þess að leggja hald á farsíma [ákærða], enda var ljóst strax við handtöku hans að upplýsingar og gögn í símanum gætu haft sönnunargildi og skipt miklu fyrir rannsókn málsins. Þá verður ekki séð að skilyrði séu komin til þess að aflétta haldi, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 88/2008, enda kann farsíminn að verða gerður upptækur með dómi, sbr. a. lið ákvæðisins.“

Það athugast að [lögreglustjóri] hefur rannsakað efnisinnihald umrædds farsíma án þess að fyrir liggi samþykki [ákærða] eða dómsúrskurður. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu og má ekki skerða einkalíf manns nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þótt heimilt sé að haldleggja hlut án dómsúrskurðar, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 88/2008, verður 68. gr. laganna ekki skilin á þann veg að lögregla geti rannsakað efnisinnihald raftækja án þess að fyrir liggi úrskurður dómara. Aðstæður þær sem hér um ræðir eru efnislega sambærilegar þeim sem ákvæði 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 84. laga nr. 88/2008 taka til og samkvæmt lögjöfnun frá þeim er ljóst að lögregla hefði þurft dómsúrskurð til þess að rannsaka efni farsímans. Samkvæmt þessu hafa aðgerðir [lögreglustjóra] brotið gegn friðhelgi einkalífs [ákærða]. Er rannsókn lögreglu að þessu leyti aðfinnsluverð.“

Við meðferð þessa máls krafðist ákærði þess að ákærvaldinu yrði synjað um framlagningu þeirra gagna sem lögregla hefði aflað með framangreindum hætti. Þeirri kröfu hans var hafnað með úrskurði 14. 8. 2019. Landsréttur staðfesti úrskurðinn með úrskurði í máli nr. 590/2019.

Í málinu liggur upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. 26. 9. 2016, undirrituð af D lögregluþjóni. Þar segir að úr síma ákærða hafi verið fengin samskipti hans og brotþola „með sms skilaboðum, mms skilaboðum og svo með whatsapp (wa) spjallforritinu.“ Samtölin ná yfir tímabilið frá 13. 8. 2015 til 11. 3. 2016, samtals 20.095 skilaboð á 212 dögum og sé því „um að ræða hátt í 95 skilaboð á sólarhring.“

Í málinu liggur upplýsingaskýrsla F rannsóknarlögreglumanns. Eru þar talin upp gögn og skilaboð sem send hafi verið úr símanúmeri ákærða í símanúmer brotþota og eru þau hin sömu og greind eru í ákæru.

Í málinu liggur bréf undirritað af C félagsráðgjafa og fjölskyldumeðferðarráðgjafa, dags. 24. 6. 2016. Þar segir meðal annars að brotþoli hafi sótt samtalsmeðferð hjá C. Í meðferðinni hafi hún greint frá sambandi og samskiptum sínum við ákærða en samband þeirra hafi varað frá september 2014 til ágúst 2015 með hléum í lokin. Eftir það og fleiri áföll sem brotþoli hafi lent í áður að eigin sögn hafi hún verið í nokkru ójafnvægi en hafi nú „náð góðu jafnvægi í líf sitt með því að vinna vel í sínum málum meðal annars með samtalsmeðferð.“. Svo segir meðal annars: „Samkvæmt upplýsingum frá [brotþola] hafði samband þeirra [ákærða] gengið vel frá upphafi. Undir lok sambandsins var [brotþoli] hins vegar farin að taka eftir hegðunarbreytingum hjá [ákærða] þar sem hann sýndi reiði og merki um þunglyndi. [Ákærði] vildi ekki merkja það og því ekki leita

sér aðstoðar vegna þess. [Brotapoli] greindi frá því eftir sambandsplitin hefði [ákærði] áreitt hana með því að hótta henni því að setja persónulegar myndir af [brotapola] á internetið. Jafnframt sendi hann henni óviðeigandi myndir af sjálfum sér. [Ákærði] sendi [brotapola] ítrekað smáskilaboð í símann með hótunum um sjálfsmorð og fleira. [Ákærði] lét ljót orð falla um [brotapola] við féлага og vini hennar sem meðal annars hafði þau áhrif að vinur hennar sem hún átti í nánú sambandi við sleit sambandi við [brotapola]. Á þessu tímabili þar sem [ákærði] var með hótanir og áreiti við [brotapola] leið henni mjög illa og líðan hennar stjórnaðist af óttanum við að [ákærði] myndi setja persónulegar myndir af henni á internetið. Stundum hunsaði hún hótanir og áreiti hans og í önnur skipti svaraði hún honum með því sem hún taldi hann vilja heyra. [Brotapoli] upplifði að [ákærði] hefði völd yfir henni og stjórnaði líðan hennar og lífi. [Brotapoli] dró sig í hlé og einangraði sig félagslega á tímabili. Eftir að [brotapoli] kærði atvikið til lögreglunnar og myndum af henni var eytt líður henni mun betur og hún finnur fyrir andlegum létti. [Brotapoli] hefur gert áætlun um að halda áfram í samtalsmeðferð hjá undirritaðri til að viðhalda góðri líðan sinni.“

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kaus að mestu að tjá sig ekki um samskipti sín og brotapolu. Hann sagði þó að þau hefðu verið vinir, eytt tíma saman og mörg skilaboð hefðu farið milli þeirra. Gott hefði verið að tala við hana og þau talað um allt milli himins og jarðar. Hann kaus að tjá sig ekki um hvort þau hefðu verið í sambandi. Ákærði og brotapoli hefðu tekið myndir af sér í daglegu lífi.

Ákærði sagði að brotapoli hefði viljað fara „lágt“ með vináttu þeirra. Þeirra nánustu hefðu þó vitað af vináttu þeirra. Það hefði verið sér sárt að brotapoli hefði viljað hafa vináttu þeirra á fárra vitorði.

Ákærði sagðist ekki eiga myndir sem sýndu brotapolu fáklædda eða nakta. Hann kaus að tjá sig ekki um hvort hann hefði átt slíkar myndir.

Ákærði kaus að tjá sig ekki um hvort hann hefði notað samskiptaforrit á þeim tíma sem málið varðar.

Ákærði kaus að tjá sig ekki um hvort hann hefði stofnað „bloggsíðu“ í nafni brotapolu. Sérstaklega spurður hvort hann kannaðist við þá síðu sem getið er í ákæru kaus hann að tjá sig ekki um það.

Ákærði kaus að tjá sig ekki um hvort hann hefði hótad brotþola að birta af henni nektarmyndir og bera út um hana sögur.

Ákærði kaus að tjá sig ekki um hvort hann hefði sent brotþola þau skilaboð sem rakin eru í ákæru. Hann sagðist engum spurningum svara um þau.

Ákærði sagði brotþola hafa haft frumkvæði að samskiptum þeirra.

Ákærði var spurður hvort hann teldi brotþola bera sig sönnum eða röngum sökum. Hann sagði að það færi „bara eftir því hvernig er horft á það“. Sérstaklega spurður um orð brotþola þess efnis að hann hefði oft hótad að birta af henni myndir sagði ákærði að það væri rangt. Hann sagðist aldrei hafa tekið nektarmyndir af brotþola en hún hefði sent sér slíkar myndir.

B brotþoli sagði ákærða vera fyrrverandi unnusta sinn en brotþoli hefði verið 16 ára þegar þau hefðu byrjað að vera saman. Hún sagði að aðrir hefði vitað af vinskapi þeirra en spurð hvort hún hefði viljað að aðrir vissu ekki um hann svaraði hún „já og nei“. Nánar spurð sagði brotþoli að aldursmunur þeirra hefði gert vinskapi þeirra óviðeigandi. Þau hefðu vafalaust deilt eitthvað um það hvort aðrir mættu fréttu af vinskapi þeirra.

Hún sagðist hafa sent honum nektarmyndir „og hlutirnir voru bara finir þangað til ég vildi bara slíta þessu og þá fór hann bara að nota myndirnar gegn mér. [...] Ef ég kom ekki þegar hann vildi að ég kæmi, þá bara „já flott myndirnar eru komnar á netið“, ef ég gerði ekki það sem hann vildi að hann myndi gera þá bara alltaf sama þetta, að hótta mér „þetta er komið á netið, komið á netið“. Ákærði hefði sífellt verið að athuga hvar brotþoli væri, ef hún segðist vera með vinkonum sínum hefði hann athugað hvort það væri rétt. „Þetta var alltaf andlegt áreiti, alltaf að hótta mér.“ Hefði verið „ógeðslegt að lifa við þetta.“ Á þessum tíma hefði brotþoli verið [...] ára.

Brotþoli sagði ákærða hafa sent sér þau skilaboð sem rakin eru í ákæru.

Brotþoli sagði að þau ákærðu hefðu notað samskiptaforritin „messenger á facebook, snapchat og svo app sem heitir whatsapp.“

Brotþoli sagðist hafa slitið sambandi þeirra ákærða [...].

Brotþoli sagði ákærða hafa stofnað þá vefsíðu sem nefnd er í ákæru og hafi ætlað að fjalla þar um „vandræðaleg augnablik“ í lífi brotþola. Spurð hvernig hún vissi að hann hefði gert það sagði brotþoli ákærða hafa sagt sér það.

Brotþoli sagði ákærða hafa sagt „oft að ef ég myndi ekki gera hitt eða þetta þá myndi þetta bara fara á netið“. Spurð hvað það hefði verið sem ákærði hefði viljað að hún gerði

sagði brotapolí að það hefði verið að koma strax og hitta ákærða. Ef hún hefði verið úti með vinkonum sínum hefði hún átt „að hætta því og koma strax til hans.“ Einnig hefði ákærði oft hótad sjálfsvígi ef hún kæmi ekki til sín. Brotapóli hefði alltaf farið til hans þegar hann hefði farið fram á það. Hann hefði viljað fá brotápola til sín en hann hefði ekki farið fram á neitt kynferðislegt frá henni.

Brotapóli sagði að á þeim tíma sem ákæra varðar hefði ákærði verið í ítrekuðum samskiptum við sig, hringt, ekið fram hjá vinnustað hennar og sent fjölmörg skilaboð. [...]. Hún sagðist ekki hafa kært sig um slíkt.

Brotapóli sagði þau ákærða hafa [...] og hefði hann oft hótad að sýna strákum í vindahópi þeirra [...] myndir af henni.

Brotapóli sagði aðspurð að hún hefði stundum sent honum mjög mörg skilaboð á sama degi, „en ekki í sama tilgangi og hann“. Þau hefðu talað saman „allan liðlangan daginn“.

Brotapóli sagðist hafa verið hrædd vegna hegðunar ákærða og vera það enn. Hún þyrði ekki að vera ein á almannafæri því hún væri viss um að hann fylgdist með sér. Ætti hún nú erfitt með að treysta fólki.

Brotapóli sagðist ekki muna hvort hún hefði sent ákærða fleiri myndir eftir að hann hefði sent einhver þeirra skilaboða sem málið varðar. Þær myndir sem hún hefði sent honum hefði hún sent honum í trúnaði.

Brotapóli sagðist síðast hafa fengið skilaboð frá ákærða sumarið 2017. „Hann baðst afsökunar [...] á hegðun sinni en setti síðan út á að ég hefði ekki alveg sýnt líka góða hegðun sem ég viðurkenni alveg [...] það vill enginn vera undir svona álagi“.

Vitnið C félagsráðgjafi sagði brotápola hafa komið til sín í samtalsmeðferð 2016 „vegna afleiðingar áfalls sem hún varð fyrir vegna þessa máls“. Væri brotapolí enn til meðferðar hjá vitninu. Henni hefði liðið mjög illa og glímdi enn við margvíslegar afleiðingar. Vitnið sagði brotápola hafa sagt svo frá að maður, sem hún hefði verið í sambandi við, hefði sett myndir á netið.

Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið D lögregluþjónn sagði stúlku hafa komið til lögreglu og viljað kæra „myndbirtingar eða hótanir um slíkar“. Stúlkan hafi gefið skýrslu og í framhaldinu hafi ákærði verið handtekinn og hann gefið skýrslu. Sími ákærða hefði verið haldlagður og sendur tölvurannsóknardeild til afritunar. Vitnið hefði tekið ákvörðun um að það yrði

gert. Á þeim tíma hefði verið litið svo á að sími „væri eins og hver annar haldlagður munur og lögregla taldi sig hafa heimild til að rannsaka sem slíkt og það hafði verið um land allt fram að þessu.“

Vitnið sagði að mikill fjöldi skilaboða hefði farið milli ákærða og brotþola, „hátt í hundrað skilaboð á dag á þessu tímabili sem var skoðað, [...] eitthvað fleira frá [ákærða] til brotþola heldur en til baka. En það sem ég man eftir varðandi skilaboðin það var að mörg þeirra voru á þá leið að brotþoli var að biðja [ákærða] um að láta sig í friði.“ Vitnið sagðist ekki hafa séð neinar hótanir eða annað sambærilegt frá brotþola til ákærða.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið E lögregluþjónn sagði síma ákærða hafa verið rannsakaðan að beiðni rannsóknarlögregluþjóns á Suðurnesjum.

Niðurstaða

Svo sem rakið hefur verið var kröfu ákærða um að ákærvaldinu yrði synjað um framlagningu gagna sem fengin voru eftir rannsókn lögreglu á síma hans hafnað. Í úrskurði héraðsdóms, sem Landsréttur staðfesti með vísan til forsendna, sagði meðal annars að með hliðsjón af tveimur nánar greindum dómum Hæstaréttar yrði að líta svo á að þau andmæli sem ákærði tefldi fram vegna öflunar þessara sönnunargagna kæmu til úrlausnar við efnismeðferð málsins, en leiddu ekki til þess að framlagningu þeirra yrði synjað.

Í dómi sínum í máli nr. 297/2016 sló Hæstiréttur Íslands því föstu að með því að rannsaka innihald farsíma ákærða, án þess að hafa aflað til þess heimildar ákærða eða dómsúrskurðar, hefði lögregla brotið gegn friðhelgi einkalífs ákærða. Í dóminum tók Hæstiréttur jafnframt fram að uppfyllt hefðu verið skilyrði laga til að leggja hald á síma ákærða enda hefði verið „ljóst strax við handtöku hans að upplýsingar og gögn í símanum gætu haft sönnunargildi og skipt miklu fyrir rannsókn málsins.“ Þá hafnaði Hæstiréttur kröfu ákærða um að haldlagningunni yrði aflétt.

Svo sem kemur fram í dómi Hæstaréttar Íslands voru uppfyllt skilyrði haldlagningar símans og ljóst þegar við handtöku ákærða að upplýsingar og gögn í símanum gætu haft sönnunargildi og skipt miklu fyrir rannsókn málsins. Hefur ekkert komið fram í málinu sem gerir sennilegt að kröfu um heimild til rannsóknar á innihaldi símans hefði verið hafnað ef hún hefði verið borin upp við dómstóla. Þegar á framanritað er horft verður að líta svo á, að sú gjörð lögreglu að rannsaka símann án þess að leita um það

dómsúrskurðar, hafi haft þau áhrif að gögnin hafi orðið henni aðgengileg einhverju fyrr en ella en hafi ekki orðið til þess að hún hafi fengið í hendur gögn sem hún ella hefði ekki fengið.

Þegar á þetta er horft þykir aðferð lögreglu við að afla gagnanna ekki draga úr sönnunargildi þeirra. Í þeirri niðurstöðu felst engin afstaða til þess hvort ákærði kann að eiga einkaréttarkröfu á hendur lögreglu vegna hennar.

Fyrir dómi bar brotþoli að ákærði hefði sent sér þau skilaboð sem tilgreind eru í ákæru. Fyrir dómi kaus ákærði að tjá sig ekki um það og kvaðst ekki svara neinum spurningum um skilaboðin.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem gerir ósennilegt að ákærði hafi í raun sent brotþola þau skilaboð sem í ákæru greinir. Verður miðað við að það hafi hann gert á þeim tímum sem þar er rakið.

Fyrir dómi sagðist brotþoli hafa sent ákærða nektarmyndir. Fyrir dómi kaus ákærði að tjá sig ekki um hvort hann hefði átt slíkar myndir af henni. Samkvæmt gögnum málsins var slíkar myndir að finna á síma ákærða. Óhætt er að leggja til grundvallar að á þeim tíma sem málið varðar hafi ákærði haft slíkar myndir í fórum sínum.

Þau skilaboð sem ákæran tekur til snúast fyrst og fremst um tvennt, „myndirnar“ og „sögur“. Þannig segir ákærði ítrekað að „myndirnar“ séu komnar á netið en einnig eru skilaboð sem verða skilin þannig að þær kunni að birtast síðar með einhverjum hætti. Í skilaboðum nr. 4 segir hann meðal annars að hann fái „ekkert samviskubit þegar myndirnar enda á netinu“, í skilaboðum nr. 8 spyr ákærði „Hvað á ég að gera við allar þessar dirty myndir frá þér?“, í skilaboðum nr. 20 segir hann „og já ég á allar myndirnar ennþá svona ef þú ert að pæla í því“, í skilaboðum nr. 21 segir ákærði „Myndirnar geymi eg til betri tíma þegar þú ert [komin] í samband með honum eða ehv“, í skilaboðum nr. 36 talar ákærði eins og hann hyggist sýna [...] myndirnar, í skilaboðum nr. 37 segist ákærði ætla að fara að sýna [...] myndir og í skilaboðum nr. 38 talar ákærði um að hann ætli að „tala bara við aðra um þig og syni þessar myndir“ sem brotþoli hafi sent honum „í síðustu viku“. Þá eru allnokkur skilaboð þar sem ákærði talar um „sögur“ sem hann hyggist segja eða hafi sagt. Í skilaboðum nr. 3 segir ákærði að ef brotþoli ætli ekki að tala við sig muni hann segja af henni sögur og í skilaboðum nr. 6 segir ákærði að brotþoli vilji kannski að hann segi „G, H og öðrum“ nánar greindar sögur. Í skilaboðum nr. 15 segir ákærði að ef brotþola sé „alveg sama“ þá muni hann tala um nánar greind atriði þegar hún sé [...]. Í skilaboðum nr. 16 segir ákærði að brotþoli viti ekki hvað hann hlakki

til að segja sögur af henni [...]. Í skilaboðum nr. 18 segir ákærði að í „versta falli“ muni brotþoli missa ákærða og hann fari „að segja sögur“ um hana þegar hún [...]. Í skilaboðum nr. 22 segir ákærði að ef þau sættist ekki muni hann segja sögur [...]. Í skilaboðum nr. 26 spyr ákærði hvort þau séu „aftur komin í þetta vera leiðinleg við hvort annað [og hann] að segja sögur [...]“. Í skilaboðum nr. 27 segist ákærði ætla að koma „sögunum“ líka [...] og í skilaboðum nr. 28 segir hann að „sögurnar“ séu komnar [...]. Í skilaboðum nr. 29 segir ákærði að ef brotþoli vilji að hann „þegi með þetta allt“ skuli hún tala við sig og vera hreinskilin um það sem sé „í gangi“. Í skilaboðum nr. 30 segir hann að ef brotþoli vilji ekki tala þá muni hann halda „bara áfram að tala um þig við strákana [...]“. Í skilaboðum nr. 33 segist ákærði vitað að brotþola líði „illa að hafa áhyggjur af því hvort [hann] segi öllum [...] frá öllu“, og spyr svo hvers vegna hún vilji „hafa þessar áhyggjur“.

Eins og áður segir liggur fyrir að ákærði hafði nektarmyndir af brotþola í fórum sínum. Í skilaboðum nr. 8 spyr ákærði brotþola hvað hann eiga „að gera við allar þessar dirty myndir“ frá henni og í skilaboðum nr. 5 sendir hann brotþola ljósmynd af tölvuskjá sem sýndi nánar greinda skráarskiptisíðu en myndin virtist sýna skrá með nafninu [...] og lýst sem [...] í flokknum [...]. Fyrir dómi kaus ákærði að svara ekki spurningum um skilaboðin sem tilgreind eru í ákæru. Í yfirheyrslu lögreglu á rannsóknarstigi svaraði hann á þá leið að skilaboðin hefðu ekki fjallað um nektarmyndir heldur myndir af þeim saman í daglegu lífi. Fram kom fyrir dómi að brotþoli hafi viljað að samband þeirra ákærða yrði á fárra vitorði og í því ljósi kann að vera að brotþoli hafi í raun verið viðkvæm fyrir því að myndir af þeim ákærða saman í daglegu lífi kæmu fyrir augu þeirra sem þekktu þau. Það breytir ekki því að ákærði hefur í skilaboðum vísað í „allar þessar dirty“ myndir frá brotþola og í öðrum skilaboðum vísað í skráarskiptisíðu svo sem rakið var. Þau skilaboð sem ákæran tekur til gefa á engan hátt til kynna að þar einskorði ákærði sig við myndir af brotþola fullklæddri. Brotþoli hafði gilda ástæðu til að ætla að ákærði vísaði til mynda af henni fáklæddri eða nakinni þegar hann sendir henni ítrekuð skilaboð um „myndirnar“ sem séu ýmist komnar í birtingu eða óbirtar í fórum ákærða.

Í skilaboðum til brotþola um myndirnar segir ákærði ítrekað að þær hafi verið birtar á netinu en einnig talar hann um að hann eigi allar myndirnar enn þá og að hann geymi þær til betri tíma. Ekkert hefur komið fram um að ákærði hafi í raun dreift myndunum. Með ítrekuðum skilaboðum sínum til brotþola í þá veru sem rakið hefur verið hefur ákærði hins vegar gert henni ljóst að hann gæti hvenær sem er dreift myndunum. Þegar

horft er á þann fjölda skilaboða sem hér er um að ræða og efni þeirra verður að líta svo á að í skilaboðunum felist hótun um dreifingu myndanna, en telja verður, eins og hér stendur á, að skilaboð nr. 1, 2, 4, 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 17, 19, 20, 21, 31, 32, 34, 35, 36, 37 og 38 feli í sér hótanir um birtingu nektarmynda af brotþola. Slík dreifing myndanna án leyfis brotþola væri refsiverður verknaður og líkleg til að hafa mikil áhrif á brotþola, sem var þá á unglingsaldri. Samkvæmt gögnum málsins virðist sem brotþoli hafi sent ákærða mynd 12. desember og aðra 24. desember. Fyrir dómi kvaðst hún ekki muna hvort hún hefði sent ákærða mynd eftir að hann hefði byrjað að senda þau skilaboð sem málið varðar. Ekki verður talið að þessar sendingar, á þessum tíma, breyti þeirri heildarmynd sem hér liggur fyrir, en hér má bæði hafa í huga að mikill meirihluti skilaboða ákærða var á þeim tíma ókominn og á ákærða og brotþola var umtalsverður aðstöðumunur, en brotþoli var unglingsstúlka en ákærði [...]. Sú háttsemi að hóta brotþola slíkri dreifingu var til þess fallin að vekja hjá brotþola ótta um heilbrigði sitt og velferð og er réttilega heimfærð til 233. gr. laga nr. 19/1940 í ákæru. Við munnlegan málflutning tók sækjandi fram að ekki væri byggt á að brotþoli hefði verið hrædd um líf sitt. Með því að hóta stúlku á [...] ári ítrekað slíkri birtingu nektarmynda af henni hefur ákærði sýnt henni yfirgang og ruddalegt og ósiðlegt athæfi og er háttsemin réttilega heimfærð til 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 í ákæru [...]. Ekki verður talið að 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 sé of opin og óskilgreind refsheimild til þess að sakfelling verði á henni byggð en í dómaframkvæmd hefur ítrekað verið á henni byggt sem refsheimild.

Í skilaboðum talar ákærði ítrekað um að hann muni „segja sögur“ um brotþola og verða skilaboðin skilin þannig að það séu sögur sem hún vildi ekki að yrðu sagðar. Fátt liggur hins vegar fyrir um sögurnar, þar á meðal verður engu slegið föstu um sannleiksgildi þeirra. Þegar á allt er horft þykir ekki hafa verið færð lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi, með skilaboðum sínum um sögur sem hann hyggist segja, haft í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 233. gr. laga nr. 19/1940 vegna þeirra og skynsamlegur vafi þykir vera á um að háttsemin verði eins og á stendur heimfærð undir 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 233. gr. laga nr. 19/1940 vegna skilaboða nr. 1, 2, 4, 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 17, 19, 20, 21, 31, 32, 34, 35, 36, 37 og 38 og fyrir brot gegn 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 [...]. Ákærði verður sýknaður vegna annarra skilaboða sinna og sama er að segja um þá vefsíðu sem hann er í ákæru sagður hafa stofnað.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði ekki sakaferil. Brot hans beindist gegn unglingsstúlku en sjálfur er hann [...] árum eldri. Fyrir dómi lýsti brotaþoli þeim áhrifum sem málið hefði haft á hana og er ekki ástæða til að efast um að þau hafi verið mikil. Á hinn bóginn verður að horfa til þess að málið hefur tekið langan tíma en ákæra er gefin út meira en tveimur og hálfu ári eftir að ákærði sendi síðustu skilaboðin sem málið varða. Þá kom fram hjá brotaþola að hún hefði fengið skilaboð frá ákærða sumarið 2017 þar sem hann hefði beðið sig afsökunar. Ákærði lýsti yfir skriflega 18. 3. 2016 að hann væri reiðubúinn til að skuldbinda sig til þess að koma hvorki á né vera við heimili brotaþola, veita henni ekki eftirför og setja sig ekki í samband við hana næstu sex mánuði. Ekkert hefur komið fram um að hann hafi brotið gegn þessu. Ákærði hefur lagt fram gögn um skólavist sína [...]. Refsing ákærða ákveðst fangelsi í þrjá mánuði en rétt er að fullnustu refsingarinnar verði frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Ákærði hefur framið refsiverða meingerð gagnvart brotaþola og ber bótaábyrgð á henni. Brot ákærða er til þess fallið að valda brotaþola ótta og angist. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakrafa var kynnt ákærða 22. 9. 2016. Þá verður ákærða gert að greiða brotaþola 400.000 vegna lögmannskostnaðar til að gæta hagsmuna brotaþola hér fyrir dómi. Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Snorra Snorrasonar lögmanns, ákveðast 1.581.000 krónur með virðisaukaskatti. Samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins nemur annar sakarkostnaður 12.000 krónum. Í ljósi málsúrslita þykir rétt að ríkissjóður greiði þriðjung þessara fjárhæða sakarkostnaðar á móti ákærða. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Súsanna B. Fróðadóttir aðstoðarsaksóknari með málið. Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður gætti hagsmuna brotaþola fyrir dómi. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. 3 2016 til 22. 10 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 400.000 krónur í málskostnað.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Snorra Snorrasonar lögmans, 1.581.000 krónur, og 12.000 króna annan sakarkostnað greiði ákærði að tveimur þriðju hlutum en ríkissjóður að þriðjungi.

Þorsteinn Davíðsson